Seðlabanki Íslands

# Nýleg efnahagsþróun og kjarasamningar framundan

Samband iðnfélaga – Samiðn

12. september 2013

Þórarinn G. Pétursson

Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands

# Hagvaxtarþróun og -horfur

- Hagvöxtur mældist 2,2% á fyrri hluta ársins – samanborið við 1,3% á seinni hluta árs 2012
- Þjóðarútgjöld drógust saman um 1% vegna 13% samdráttar fjárfestingar sem endurspeglar mikla fjárfestingu í skipum og flugvélum á sama tíma í fyrra – án þeirra jókst fjárfesting á fyrri hluta þessa árs um rúmlega 4% frá sama tíma í fyrra
- Hagvöxtur töluvert meiri en spáð var í PM13/3 – aðallega vegna kröftugri fjárfestingar og minni innflutnings
- Samkvæmt síðustu spá verður hagvöxtur tæplega 2% í ár og tæplega 3% 2014-15 – áþekkt meðalhagvexti síðustu 30 ára

Þjóðhagsreikningar á fyrri hluta árs 2013 og spá Seðlabankans




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hagvöxtur og framlag undirliða 2010-2015[1]




1. Grunnspá Seðlabankans 2013-2015.

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Framlag til efnahagsbatans

- VLF hefur vaxið um tæplega 8% frá fyrsta ársfjórðungi 2010 þegar efnahagslífið náði botni
- Megindrifkraftar batans: útflutningur (mest þjónustuútflutningur), einkaneysla og atvinnuvegafjárfesting
- Svipuð saga frá framleiðsluhliðinni: mestan hluta batans má rekja til ferðamannaiðnaðar og innlendrar smá- og heildsölu; framlag fjármálaþjónustu til batans hefur hins vegar verið neikvætt

Framlag undirliða landsframleiðslu til efnahagsbata[1]




1. Frá fyrri helmingi 2010 til fyrri árshelmings 2013.

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hlutdeild nokkurra atvinnugreina í aukningu vergra þáttatekna 2010-2012




1. Atvinnugreinar sem tilheyra fyrst og fremst innlenda geiranum eru einkenndar með rauðu en þær sem tilheyra samkeppnisgeiranum með bláu. Greinar sem falla nokkuð mitt á milli eru einkenndar með grænu.

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Hægari bati en á fyrri bataskeiðum ...

- Efnahagsbatinn er hægari nú en á fyrri bataskeiðum
- Kemur ekki á óvart í ljósi stærð áfallsins og að núverandi bataskeið kemur í kjölfar alvarlegrar fjármálakreppu ...
- ... en einnig í ljósi erfiðs alþjóðlegs umhverfis – sem gerir útflutningsdrifinn bata erfiðari

Hagvöxtur í efnahagsbata[1]




1. Samdráttarskeiðin á Íslandi byggjast á mati Þórarins G. Pétursonar (2000) að viðbættum skeiðunum 2002-3 og 2008-10. Vöxturinn fyrir árið 2013 er samkvæmt spá PM 2013/3.

*Heimildir:* Þórarinn G. Pétursson (2000). "Business cycle forecasting and regime switching", Seðlabanki Íslands *Working Paper* nr. 7, Hagstofa Íslands, OECD, Seðlabanki Íslands.

Útflutningur í efnahagsbata[1]




1. Samdráttarskeiðin byggjast á mati Þórarins G. Pétursonar (2000) að viðbættum skeiðunum 2002-3 og 2008-10. Vöxturinn fyrir árið 2013 er samkvæmt spá PM 2013/3.

*Heimildir:* Þórarinn G. Pétursson (2000). "Business Cycle Forecasting and Regime Swithcing", Seðlabanki Íslands *Working Paper* nr. 7, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# … en í takt við fyrri tvíburakreppur

- Samdráttur svipaður og að jafnaði í öðrum stórum fjármálakreppum en batinn er hægari
- Kemur ekki á óvart í ljósi þess að hér varð tvíburakreppa en þær eru dýpri og vara lengur
- Kemur heldur ekki á óvart í ljósi sérlega óhagstæðs ytra umhverfis

Hagvöxtur í kjölfar fjármálakreppa[1]




1. Hagvöxtur á Íslandi og í 15 öðrum fjármálakreppum (ár *t* er skilgreint sem upphafsár kreppunnar). Löndin eru (upphafsár í sviga) Argentína (2002), Brasilía (1999), Ekvador (1999), Filippseyjar (1998), Finnland (1991), Indónesía (1998), Írland (2009), Ísland (2009), Lettland (2009), Malasía (1998), Mexíkó (1995), Suður-Kórea (1998), Svíþjóð (1991), Taíland (1998), Tyrkland (2001) og Úrugvæ (2002).
*Heimildir:* Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Íslands.

**Samanburður á afleiðingum mismunandi tegunda fjármálakreppa**

| | Gjaldeyris-kreppur | Banka-kreppur | Tvíbura-kreppur |
|---|---|---|---|
| Lengd | 2,1 | 2,6 | 3,8 |
| Dýpt | 5,9 | 6,2 | 18,6 |

Samanburður á 52 kreppum. Lengd: meðallengd í árum. Dýpt: meðaltal uppsafnaðs taps VLF í %. *Heimild*: M. Bordo, B. Eichengreen, D. Klingebiel og M. S. Martinez-Peria (2001). Is the crisis problem growing more severe? *Economic Policy*, 16, 51-82.

**Meðalhagvöxtur meðal þróaðra ríkja 4 ár eftir kreppu (%)**

| | |
|---|---|
| Skandinavíukreppan 1991 | 2,2 |
| Asíukreppan 1998 | 3,0 |
| Fjármálakreppan núna | 0,6 |

# Sæmilegur vöxtur í alþjóðlegu samhengi

- Frá því að VLF náði botni snemma árs 2010 hefur batinn verið hraðari en að meðaltali meðal viðskiptalanda – hægari en í Bandaríkjunum en kröftugri en á evrusvæðinu
- Frá 2011 hefur hagvöxtur hér verið um 1 prósentu meiri en að meðaltali meðal viðskiptalanda og horfur á að svo verði áfram

Þróun landsframleiðslunnar í kjölfar fjármálakreppunnar[1]




1. Árstíðarleiðrétt gögn fyrir Ísland koma frá Seðlabanka Íslands.
*Heimildir:* OECD, Macrobond, Seðlabanki Íslands.

Hagvöxtur á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Horfur hafa versnað hér og erlendis

- Hagvaxtarhorfur meðal þróaðra ríkja hafa undanfarið ítrekað verið endurskoðaðar niður á við
- Nú er talið að meðalhagvöxtur 2012-14 verði undir 1% í 14 ríkjum (3 ríkjum í sept. 11) og að samdráttur verði í 6 ríkjum (engu í sept. 11)
- Þetta hefur einnig endurspeglast í endurskoðun á hagvaxtarspám hér á landi

Spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um meðalhagvöxt 2012-14 meðal 28 þróaðra ríkja




*Heimild:* Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Endurskoðun hagvaxtarspáa Seðlabankans 2012-2014




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

# Kröftugur bati á vinnumarkaði ...

- Starfandi fjölgaði um 1,9% á Q2 frá fyrra ári og heildarvinnustundum um 2,8% (spáð 0,7%)
- Árstíðarleiðrétt skráð atvinnuleysi mældist 4,6% á Q2 (spáð 4,4%) og hefur minnkað úr 5,8% frá 2012Q2
- Meðalvinnutími að lengjast á ný, fleiri fyrirtækja ætla að ráða en segja upp, starfsfólki í fullu starfi fjölgar, atvinnuþátttaka eykst, fleiri flytja til landsins en frá því og stór hluti þeirra sem fara af atvinnuleysisskrá hverfur til launaðrar vinnu

Heildarvinnustundir og atvinnuleysi




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Ástæður afskráningar af atvinnuleysisskrá[1]




1. Undir flokkinn „annað" falla aðallega ellilífeyrir, fæðingarorlof og frí. 1. ársfjórðungur 2009-2011 en fyrri hluti ársins 2013. Tölur fyrir árið 2012 eru ekki til.
*Heimild:* Vinnumálastofnun.

# ... og einn sá kröftugasti meðal iðnríkja

- Hlutfall starfandi
  - Hefur hækkað um 2 prósentur hér frá 10Q4-12Q4 en um 0,2 prósentur hjá OECD-ríkjum
- Atvinnuleysishlutfallið
  - Hefur á sama tíma lækkað um 2,5 prósentur hér en um 0,2 prósentur hjá OECD-ríkjum
- Kröftugri bati en í Bandaríkjunum og Bretlandi og mun kröftugri bati en á evrusvæðinu

Þróun á vinnumarkaði í kjölfar fjármálakreppunnar[1]




1. Ársbreytingar milli fjórða ársfjórðungs hvers árs. 2. Fjöldi starfandi sem hlutfall af mannfjölda 15-64 ára (árstíðarleiðrétt). 3. Fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af vinnuafli (alþjóðlega samræmdur mælikvarði, árstíðarleiðrétt).
*Heimild:* OECD.

# Verðbólga eykst á ný ...

- Ársverðbólgan jókst á ný í júlí og aftur í ágúst og er orðin svipuð og í byrjun árs og fyrir ári
- Aukningin fyrirséð vegna grunnáhrifa en er heldur meiri en gert var ráð fyrir í maíspánni
- Kjarnaverðbólga hefur einnig aukist töluvert og verðbólguvæntingar þokast upp á við

| Árleg verðbólga (%) | Ág. 2013 | Júlí 2013 | Ág. 2012 |
|---|---|---|---|
| VNV | 4,3 | 3,8 | 4,1 |
| VNV án skatta | 4,2 | 3,7 | 3,9 |
| VNV án húsn. | 4,2 | 3,8 | 4,3 |
| HICP | - | 4,2 | 4,5 |
| K3 án skatta | 4,7 | 4,0 | 3,9 |
| K4 án skatta | 4,3 | 3,6 | 3,3 |




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# ... og verðbólguhorfur versna frá því í maí

- Verðbólgan var 3,3% á Q2 í takt við PM13/2 og spáð að hún verði 4% á Q3 (3,7% í maí)
- Horfur á þrálátari verðbólgu en í maí: verði 4,1% á Q4 (3,7% í maí) og 3% 2014Q4 (2,5% í maí)
- Meginskýringin er hægari framleiðnivöxtur en áður var spáð
- Verðbólguhorfur óvissar og meiri hætta á að hún verði meiri en spáð er en að hún verði minni

Verðbólga - samanburður við PM 2013/2




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguspá og óvissumat




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Helstu áhættuþættir grunnspárinnar

Styrkur alþjóðlegs efnahagsbata

Þróun gengis krónunnar

Opinber fjármál

Kjara-samningar og launaþróun

Innlendur efnahagsbati og stærð slakans

Verðbólgu-horfur

# Kjarasamningar og launaþróun

- Laun hafa ítrekað hækkað meira en framleiðni hér á landi: bæði á þensluárunum og eftir efnahagshrunið þegar atvinnuleysi hefur verið mikið
- Mun meiri hækkanir en í öðrum löndum: grefur undan samkeppnisstöðu þjóðarbúsins og/eða gengisstöðugleika

Launakostnaður á framleidda einingu og framlag undirliða 2000-2015[1]




1. Framleiðniaukning kemur fram sem neikvætt framlag til hækkunar á launakostnaði á framleidda einingu. Grunnspá Seðlabankans 2013 - 15.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Launakostnaður á framleidda einingu í 23 þróuðum ríkjum




*Heimildir:* OECD, Seðlabanki Íslands.

# Samningurinn 2011 ýtti undir verðbólgu ...

- Verðbólga og verðbólguvæntingar lækkuðu mikið frá 2009 og fram á fyrstu mánuði 2011
- Verðbólga jókst á ný er leið fram á vor með lækkun gengis og hækkandi olíuverði ...
- ... í kjölfar kjarasamninga tók hins vegar innlendur þáttur verðbólgunnar, undirliggjandi verðbólga og verðbólguvæntingar að aukast mikið á ný

Kjarasamningar 2011, launahækkanir og verðbólga




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Kjarasamningar 2011, innlend verðbólga og verðbólguvæntingar




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# ... og gróf undan bata á vinnumarkaði

- Viðsnúningur varð á vinnumarkaði seint árið 2010 – aðallega með fjölgun meðalvinnustunda en að einhverju leyti einnig með fjölgun starfa
- Kjarasamningurinn virðist hafa grafið undan þessum bata: fljótlega í kjölfarið fer meðalvinnustundum að fækka aftur og hlutfall starfandi lækkaði á ný

Kjarasamningar 2011 og vinnuaflseftirspurn




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Kjarasamningar 2011 og vinnuaflseftirspurn




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.